



Kennari/ar: Lárus Bragason

Skammstöfun: LB

Áfangalýsing:

Fjallað verður um helstu þætti í sögu stórviðburða 20. aldar frá fyrri heimsstyrjöld. Verða eftirstríðsárin könnuð sérstaklega og fjallað um síðari hluta aldarinnar með sérstöku tilliti til alþjóðamála. Lagt verður mat á alþjóðlega atburði í nútímanum. Ekkert lokapróf verður í áfanganum hjá þeim sem taka þátt í verkefnavinnu og innleggi og hlusta á aðra en námsmat byggist á verkefnum og kaflaprófum.

Heimsstyrjaldirnar tvær eru tíðum látnar skipta tímabilum á tuttugustu öld. Tímabilið eftir stríð fram til um 1990 er kennt við kalt stríð og er skoðað í ljósi þess að því er nú talið lokið og mikil gróska er í rannsóknum á tímabilinu.

Kennt verður í þremur lotum þar sem hverri lotu lýkur með prófi. Áfanginn endar á einstaklingsverkefni þar sem nemandi mun kynna sér efni og kynna fyrir samnemendum.

Námsefni: Kennslubók: Sigurður Ragnarsson: 20.öldin

Aðrar bækur sem styðjast má við eru Heimsbyggðin, Nýir tímar eða Mannkynssaga 2.

Sérreglur áfangans: Kröfur eru gerðar um þátttöku og vinnu í verkefnum, bæði hóp – og einstaklingsverkefnum. Nemendur fæddir 1995 og eldri sem hyggjast taka áfangann eiga að semja við kennara um þátttöku, vinnu og viðveru. Fyrir þá sem ekki geta tekið fullan þátt í verkefnavinnu er 100% próf í boði. Nemendur sem standa ekki við samninga við kennara og/eða mæta í 75% af tímum eða minna þurfa að taka próf í lokaviku í staðin fyrir skilamöppu.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar og tímaásar.	30%
Próf	Kaflapróf	30%
Verkefni	Verkefni á moodle	30%
Kynningaverkefni	Nemendur kynna fyrir jafningum	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

16. ágúst 2016 Lárus Bragason